

Miðvikudaginn 1. apríl 1998.

Nr. 141/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Jóhanni Braga Baldurssyni

(Pétur Þór Sigurðsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til „fimmtudagsins 17. apríl nk. kl. 16“. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Í úrskurði héraðsdóms er greint frá dómi á hendur varnaraðila frá árinu 1995 svo og því, að hann hafi fengið 22. desember 1996 reynslulausn í tvö ár af 240 daga eftirstöðvum refsingar samkvæmt þeim dómi. Í úrskurðinum er jafnframt greint frá átta brotum gegn 244. gr. almennra hegningarlaga og tveimur tilraunum til brota gegn sama ákvæði, sem rökstuddur grunur er um, að varnaraðili hafi framið á tímabilinu frá október til desember 1997, en ákæra á hendur honum vegna þessara brota var gefin út 12. febrúar 1998, og lauk aðalmeðferð í því máli fyrir héraðsdómi 18. mars sl. Með vísan til þessa verður að telja hættu á, að varnaraðili muni halda áfram brotum, meðan því máli er ekki lokið, gangi hann frjáls ferða sinna. Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, til að varnaraðili sæti áfram gæsluvarðhaldi. Verður

niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest, en þó þannig, að gæsluvarðhald standi allt til fimmtudagsins 16. apríl nk. kl. 16.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Jóhann Bragi Baldursson, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 16. apríl nk. kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1998.

Ár 1998, fimmtudag 26. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dóm- arafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Jóhanni Braga Baldurssyni, kt. 020157-4969, óskráðum í hús í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, þó ekki lengur en til fimmtudagsins 17. apríl nk. kl. 16.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 20. desember sl. vegna grunar um aðild að innbrotspjófnum, flestum í Grafarvogshverfi í Reykjavík. Hinn 16. febrúar sl. var honum birt ákæra, þar sem hann er ákærður fyrir að hafa framið brot gegn 244. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem tilgreind eru í tíu liðum. Í tveimur tilvikanna er ákært fyrir tilraun til þjófnaðar. Aðalmeðferð í máli ákærða lauk 18. þ. m., og var málið tekið til dóms sama dag.

Ákærði hlaut tveggja ára fangelsisdóm árið 1995 fyrir brot gegn 194. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 22. desember 1996 fékk hann reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 240 dögum.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 6. janúar sl., sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 9. s. m. Ákærða var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi á sama grundvelli til 16. febrúar sl. með úrskurði, upp kveðnum 19. janúar sl., sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 22. s. m. Loks var ákærða gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi á sömu forsendum til dagsins í dag með úrskurði, upp kveðnum 16. febrúar sl.

Þar til dómur gengur í máli ákærða, telst hann vera undir rökstuddum grun um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæruskjali.

Með vísan til alls framanritaðs og skírskotun til forsendna fyrri dómsúrlausna ber að fallast á fram komna kröfu með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ákærði, Jóhann Bragi Baldursson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, þó ekki lengur en til fimmtudagsins 17. apríl nk. kl. 16.
